

## **Parkinson...**

... er hægfara hnignun í þeim hluta miðtaugakerfisins sem stýrir og samhæfir líkamshreyfingu. Einkenni sjúkdómsins koma fram vegna skorts á boðefninu dópamíni, sem heilinn framleiðir.

Helstu einkenni eru vöðvaskjálfti, vöðvastirðleiki og hægar hreyfingar. Andlegt atgervi skerðist ekki.

Áætlað er að parkinsonsjúklingar á Íslandi séu um 600.

Algengast er að sjúkdómseinkenni komi fram hjá fólki á aldrinum 50-70 ára og talið er að 1% þeirra sem eru 65 ára og eldri hafi sjúkdóminn. Sjúkdómurinn greinist einnig hjá yngra fólki.

<http://www.parkinson.is/>